

Ritstjóri:  
Þórarinn Þórarinnsson  
Útgefandi:  
Framsóknarflokkurinn

# Timinn

Skrifstofur í Edduhúsi  
Fréttasímar:  
81302 og 81303  
Afgreiðslusími 2323  
Auglýsingasími 81300  
Prentsmiðjan Edda

37. árgangur.

Reykjavík, miðvikudaginn 30. desember 1953.

295. blað.

## Sjö ára drengur ferst í elds- voða að Heiði í Gönguskörðum

**Íbúðarhúsið alelda á skömmum tíma - Hjónin og 8 börn þeirra björguðust nauðulega**

Frá fréttaritara Timans á Sauðárkróki

Sá hörmulegi atburður varð í gærmorgun að Heiði í Gönguskörðum, að íbúðarhúsið brann til kaldra kola og fórst sjö ára gamall drengur í eldinum. Að Heiði húa hjónin Agnar Jóhannesson og Ásta Agnarsdóttir og var drengurinn sonur þeirra, einn af tíu börnum, en þau björguðust nauðulega og fáklaedd úr eldinum.

Fjölskyldan hafði farið að heiman í fyrirkvöld á skammt un og kom ekki fyrir en undir morgun til baka. Lagði þá allt fólkið sig fyrir, en elzta barnið, dóttir, átján ára að aldri, hafði orðið eftir á samkomustaðnum við að taka þar til, er gestir voru farnir.

**Bærin alelda.**

Um áttaleytið um morguninn vaknaði fólkið við það, að mikill eldur var kominn í bæinn. Var þá sunnanrok og varð bærin alelda svo að segja á samri stundu. Var eng um vörnum hægt að koma við gegn eldinum og komst fólkið nauðulega undan.

**Drengurinn brennur inni.**

Talið er að kviknað hafi í út frá kertaljosi. Tvö börn þeirra hjóna sváfu í sama herbergi, drengur sjö ára gamall og telpa nokkru eldri. Segist telpa hafa kveikt á kerti, áður en hún fór að sofa og er talið að það hafi valdið ikveikjunni. Komst telpa út úr húsinu óbrunnin, en drengurinn, sem svaf í sama herbergi og hún, fórst í eldinum.

**Móðirin brennur á höndum.**

Einn sonur þeirra hjóna, drengur innan við fermingu, brenndist á höndum og fótum, en ekki hættulega. Svaf hann fast og vaknaði ekki við eldinn, en móðir hans gat brotist til hans og vakið hann og haft hann með sér út. Brenndist hún nokkuð á höndum við að ná drenginum út úr eldinum. Ekki munu brunasar hennar vera alvarlegs eðlis.

Hænsni og hey brenna.  
Íbúðarhúsið var timburhús

**Frimerki falla  
úr gildi**

Eins og ákveðið var á sínum tíma falla nú um áramótin úr gildi frimerki með mynd af fyrsta forseta Íslands, herra Sveini Björnsyni, verðgildi kr. 1. 25, 2.20, 5.00 og 10.00, sem gefin voru út 1. sept. 1952.

## Framsóknarvist á Hótel Borg

Talsverðar fyrirspurnir eru öðruvoru um hvenær næsta Framsóknarvist Framsóknarfélaganna í Reykjavík verði.

Vegna þeirra og ýmsra manna utan Reykjavíkur, sem látið hafa í ljós ósk sína að vera á slíkri samkomu, skal þess getið, að næsta Framsóknarvist verður á Hótel Borg, laugardagskvöldið 16. janúar.

Til þessarar samkomu verður vandað og er m. a. ráðgert að kvikmynda hana.

## Fagur hökull gefinn Siglufjarðarkirkju

Frá fréttaritara Timans í Siglufirði.

Við aftansöng á aðfangadag jóla var fagur gripur afhentur Siglufjarðarkirkju. Er það hökull sem gefinn er til minningar um Hafliða Guðmundsson hreppstjóra. Sonur hans, Andrés afhenti gjöfina sem gefin er af börnum Hafliða, tengdabörnum og barnabörnum.

Séra Kristján Róbertsson sóknarprestur tók við gjöfinni, sem síðan var vígð og tekin í notkun við jólamessurnar.

Hökull þessi er forkunnar fagur. Grunnur er ljósblár en gullsaumaður kross, gerður af frú Unni Ólafsdóttur. Magnús Ólöf Blöndal voru til aðstoðar um gerð hökulsins, sem gerður er eftir gömlum íslenskum fyrirmyndum.

## Siglufjarðartogarar voru inni um jólin

Frá fréttaritara Timans í Siglufirði.

Báðir bæjartogarar Siglufirðinga voru inni um jólin en héldu út seint á jóladagskvöld. Báðir höfðu þeir komið inn með aflla rétt fyrir jólin. Elliði kom á Þorláksmessu með 190 lestir. Afli sá var unni inn í frystihúsinu nýja og eins 90 lestir, sem Hafliði hafði komið með dagana áður.

## Vatnsborð Þingvallavatns mælist nú 32 sm. hærra hæsta vatnsborði áður

Frá fréttaritara Timans í Þingvallaveit.

Undanfarið hefir verið mikil úrkoma hér í Þingvallaveit og vatnavextir að sama skapi. Hefir vatnsborðið hækkað mjög í Þingvallavatni og mælist nú hærra vatn í því en nokkru sinni áður, svo vitað sé.

Vogar og eyjar.

Af þeim sökum er nú land við vatnið orðið harla tor-

kennilegt, enda hefir vatnið myndað nýja voga og eyjar við landið, svo landslagi er allt öðruvísi háttað en áður. Þar sem áður voru lægðir og hólur, standa nú aðeins hólkollarnir upp úr og kannast búendur í Þingvallaveit varla orðið við sig, ef þeir koma að vatninu.

Ekki í mannaminnum.  
Yfirborð Þingvallavatns

## Þúsundir manna heimsóttu kirkjugarðana á aðfangadag

**Jólatré með logandi ljósum sáust víða á leiðum í gördunum yfir jólin**

Þeir sem leið áttu fram hjá kirkjugördunum í Reykjavík eftir hádegið á aðfangadag og fram í myrkur sá, að þar var óvenjulega margt um manninn, fleira en sést þar við fjölsóttustu jarðarfarir. Bifreiðar stóðu þar við vegi og götur á löngum köflum og um alla garðana var fólk á ferli. Fólk þetta var að líta eftir leiðum átsvina sinna áður en jólahelgin gekk í garð.

Að því er Helgi Guðmundsson, umsjónarmaður kirkjugarðanna tjáði blaðinu í gær, er aðfangadagur jóla sá dagur ársins, sem langflestir koma í kirkjugarðana til að líta eftir leiðum átsvina sinna. Kemur þá oft fólk svo þúsundum skiptir. Svo var á aðfangadaginn, enda var veður þá mjög gott.

**Jólatré í kirkjugördunum.**

Þegar lítið var yfir kirkjugarðana undanfarið jóla kvöld, sáust ljós loga um þá alla. Á mörgum leiðum voru jólatré með marglitum ljósum. Virðist sú venja færast allmjög í vöxt, að fólk setji jólatré á leiði átsvina sinna, einkum barna. Loga þá ljósir frá rafgeymum.

Einnig er mjög mikið um að fólk leggi ný blóm á leiðin á aðfangadagskvöld og láti þar loga ljós, þótt ekki sé um jólatré að ræða. Þetta setur fallegan svip á kirkju-

garðana á jólinum og er fögur ræktarsemi.

Þetta er að visu ekki alltaf hægt vegna veðráttunnar, en þegar tíðin er eins mild og verið hefir um þessi jól, er þetta fagur siður.

## Gaf 100 þúsund til minningar um látna eiginkonu

Ólafur Magnússon kaupmaður, stofnandi Fálkans gaf 100 þúsund krónur til mannúðarmála á afmældisdag sinn, er hann var átt-ræður s. l. sunnudag.

Gjöfunum skipti hann jafnt milli Slysavarnarfélagins, sem fékk 50 þúsund krónur og Barnaspítalaskjóðs Hringins, sem líka fékk 50 þúsund krónur.

Ólafur gefur þessar rausnarlegu gjafir til minningar um látna eiginkonu sína

## Risti torf sem á sumardegi rétt fyrir jólin

Það er vart ofsögum sagt af hinni mildu vetrartíð á Norðurlandi um þessar mundir. Þar hefir verið þjóviðri dag hvern um langan tíma, oft um 10 stiga hiti en nokkuð storma- og rigningasamt á köflum.

Í fréttabréfi frá Árskögsströnd við Eyjafjörð segir á þessa leið: skrifað 18. des.

„Enn er sama góða tíðin, jörð að mestu snjólaus upp á brúnir og svo þið, að ég gat rist torf í gær til þess að bæta með þökin á fjárhúsunum, sem rokbylj-

irnir rífa torfið af. Mun það vera einsdæmi að minnsta kosti hér um slóðir, að menn geti rist torf dagana fyrir jólin.“

Það er vafalaust rétt, að það er töluverð nýlunda á Norðurlandi, að hægt sé að rísta torf á marþjóri jörð rétt fyrir jólin..

## Skip landa og lesta fisk í Ólafsfirði

Frá fréttaritara Timans í Ólafsfirði.

Í fyrradag landaði togarinn Svalbakur frá Akureyri tæpum 295 smálestum af fiski hér í Ólafsfirði. Mestur hluti aflans var þorskur. Í gærmorgun kom svo Jökulfellið hingað og lestaði hraðfrystan fisk. Tók skipið mest allt, sem til var af hraðfrystum fiski. Verður fiskurinn fluttur til Evrópu, Frakklands og Austur-Þýskalands.